

OYSTER PERPETUAL DATEJUST



ROLEX



MICHELSSEN

URSMIDIR SÍÐAN 1909

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík  
511 1900 - www.sviss.is

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 28. ágúst 2013 | 25. tölublað | 9. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

VIÐ **ELSKUM**  
UMHVERFIÐ!



**GuðjónÓ**  
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN



## UPPLÝSINGAHRÆÐBRAUTIN OG ÍSLAND

→ Netnotkun eykst um helming á hverju ári.

→ Fyrsta tengingin til Íslands var bara 300 bitar á sekúndu.

→ Enn einn sæstrengur er væntanlegur á næsta ári.

SÍDA 4

## Hagnaður Regins eykst

Hagnaður fasteignafélagsins Regins hf. jókst um 26 prósent á fyrstu sex mánuðum ársins samanborið við sama tímabil árið 2012. Hagnaðurinn nam 534 milljónum króna og segir í árs hlutareikningi félagsins að horfur í rekstri séu afar góðar.

Rekstrartekjur félagsins á fyrri helmingi ársins 2013 námu 1.907 milljónum króna og þar af námu leigutekjur 1.657 milljónum króna. Leigutekjur hækkuðu um 20 prósent frá sama tímabili í fyrra og nam rekstrarhagnaður félagsins fyrir söluhagnað, matsbreytingu og afskriftir 1.159 milljónum króna.

Stærstu eignir Regins eru verslunarmiðstöðin Smáralind og Egilshöll í Grafarvogi. Í markmiðum félagsins er gert ráð fyrir að eignasafn þess muni tvöfaldast á næstu fimm árum.

## Tekjulágir svartsýnir á efnahag

Væntingar íslenskra neytenda til efnahags- og atvinnulífs eru afar svartsýnar nú á dögum og mælast nú þær minnstu frá því í mars árið 2012.

Væntingavísitala Gallup (VVG), sem birt var í morgun, lækkar í ágúst mánuði frá fyrri mánuði og kemur lækkunin á hæla mikillar lækkunar vísitölunnar í júlímánuði. Meginskýringin á lækkuninni liggur í því að flestir svarendur könnunarinnar telja nú að ástandið í atvinnu- og efnahagsmálum verði verra að hálfu ári liðnu, samkvæmt Greiningu Íslandsbanka.

Flestir þeir sem hafa lágar tekjur eru býsna svartsýnir á ástandið en talsvert dregur úr svartsýninni eftir því sem tekjur verða hærrí.

## Nýr forstjóri hjá Nýherja hf.

Finnur Oddsson hefur verið ráðinn forstjóri Nýherja hf. og tekur við starfinu af Þórði Sverrissyni.

Finnur hefur gegnt starfi sem aðstoðarforstjóri félagsins frá nóvember 2012 en var áður framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs í fimm ár. „Nýja starfið leggst ákaflega vel í mig en ég þekki starfsemi fyrirtækisins orðið nokkuð vel. Það sem mestu skiptir fyrir fyrirtækið er starfsfólk, samstarfsaðilar og viðskiptavinir og þar búum við einstaklega vel,“ segir Finnur.

Hann telur algjört forgangsmál hjá Nýherja að vera leiðandi þjónustufyrirtæki á Íslandi og segir að helsta markmið fyrirtækisins sé að hjálpa viðskiptavinum að ná betri árangri.

Ertu búin(n) að skrá þig?

# Haustráðstefna Advania

6. september 2013

**24.900** kr.

Ef þú skráir þig fyrir 31. ágúst.

Skráning á [advania.is/haustradstefna](http://advania.is/haustradstefna)




Welcome to IT

## Fróðleiksmolinn




### Heildarútlán bankakerfis til heimila



Mikil útlánaaukning átti sér stað í bankakerfinu frá árinu 2004 til september 2008. Samkvæmt gögnum frá Seðlabanka Íslands sexfölduðust útlán bankakerfisins til heimila á þessu tímabili. Við hrunið og stofnun nýrra banka var hluti lána til heimila skilinn eftir í gömlu bönkunum sem skýrir lækkinguna á myndinni. Heildarútlán bankakerfisins til heimila í lok júlí 2013 námu 627 ma.kr. og þar af voru íbúðalán (verðtryggt, óverðtryggt og gengisbundin lán) 387 ma.kr. Mismunurinn, eða 240 ma.kr., eru önnur lán eins og yfirdráttarlán, óverðtryggt og verðtryggt lán o.fl. ekki til íbúðakaupa.

### Húsnæðislán til heimila



Bankarnir komu inn á íbúðalánamarkaðinn árið 2004 og byrjuðu að veita einstaklingum lán til íbúðakaupa, þá aðallega verðtryggt en síðar gengisbundin lán. Þótt eitthvað hafi verið um óverðtryggt húsnæðislán á árum áður byrjuðu nýju bankarnir ekki markvisst að bjóða óverðtryggt húsnæðislán fyrir en 2009. Í janúar 2010 voru óverðtryggt íbúðalán 5,2 ma.kr. en í lok júlí 2013 voru óverðtryggt útlánin komin í 124 ma.kr. Á sama tímabili hafa verðtryggt húsnæðislán staðið í stað og gengisbundin lán nánast horfið af markaði. Óverðtryggt lán til húsnæðiskaupa nema nú 32% af útlánnum bankakerfisins til íbúðakaupa.

## Dagatal viðskiptalífsins



#### Miðvikudagurinn 28. ágúst

- Visitala neysluverðs í ágúst 2013 – Uppgjör Íslandsbanka birt fyrir 2. ársfjórðung 2013

#### Fimmtudagurinn 29. ágúst

- Nýskráningar og gjaldþrot hlutafélaga og einkahlutafélaga í júlí 2013
- Visitala framleiðsluverðs í júlí 2013
- Uppgjör Eimskips birt fyrir 2. ársfjórðung 2013

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

#### Föstudagur 30. ágúst

- Vöruskipti við útlönd janúar til júlí 2013
- Þjónustuviðskipti við útlönd á 2. ársfjórðungi 2013
- Þjónustuviðskipti við útlönd 2012
- Útgáfudagar Hagvísu Seðlabanka Íslands

#### Miðvikudagurinn 4. ágúst

- Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum



**Á ÚTLEIÐ**  
Microsoft undir stjórn Steves Ballmer þótti ekki hafa farnast vel í slagnum um nýjungar í tæknigeiranum, sérstaklega hvað varðar snjallsíma og spjaldtölvur. Þrátt fyrir að nýjustu afurðir fyrirtækisins hafi fengið ágætis viðtökur hefur þeim ekki tekist að ógna Apple og Google í þeim efnum.  
NORDICPHOTOS/AFP

# Alltaf verið umdeildur

*Steve Ballmer, forstjóri Microsoft, stígur til hliðar innan árs. Leit að eftirmanni hans stendur yfir. Microsoft hefur helst úr lest helstu tæknirisa en stefnir á sterka endurkomu undir nýrri forystu.*

#### TÆKNI

Porgils Jónsson | thorgils@frettabladid.is

Tímamót urðu hjá tæknirisanum Microsoft á dögnum þegar forstjórinn Steve Ballmer tilkynnti að hann hygðist segja upp starfi sínu. Hópur undir forystu stjórnarformannsins Bill Gates hefur hafið leit ð eftirmanni Ballmers, sem stefnir að því að setjast í helgan stein innan árs.


„Það er aldrei fullkominn tímapunktur fyrir svona breytingar en mér finnst þetta vera rétti tíminn,“ sagði Ballmer í yfirlýsingu.

Ballmer hefur sætt töluverðri gagnrýni síðustu ár þar sem honum er kennt um að Microsoft hafi setið eftir í þróuninni, meðal annars hvað varðar snjallsíma og spjaldtölvur. Margir leiða meðal annars líkum að því að hluthafar í Microsoft hafi haft sitt hvað að að segja um að Ballmer stígi til hliðar. Strax eftir að hann tilkynnti um áform sín hækkaði hlutabréfaverð í Microsoft um nær tíu prósent.

Ballmer var ráðinn til Microsoft árið 1980 en hann hafði þá þekkt Gates um árabíl. Ballmer tók svo við stjórnartaumunum þegar Gates steig til hliðar í byrjun árs 2000.

Síðan þá hefur Ballmer verið umdeildur í starfi. Microsoft hefur í gegnum árin skilað miklum tekjum af forritum eins og Windows og Office-pakkanum og á síðustu árum hefur þeim orðið ágengt í fyrirtækjaþjónustu í gegnum skýið, en gengi hlutabréfa í fyrirtækinu hefur fallið verulega. Gengi Microsoft kemur sérstaklega illa út í samanburði við mörg önnur stærri tæknifyrirtæki, sérstaklega Google og Apple.

#### FALL EFTIR GATES



#### VINDHÖGG BALLMERS

**MICROSOFT** er álitíð hafa misst af lestinni varðandi snjallsíma og spjaldtölvur undir stjórn Ballmers. Hér eru nokkur ummæli sem hann lét hafa eftir sér á lykilaugnablikum í þróun síðustu ára:

**2007** „Það er ekki nokkur möguleiki að iPhone muni ná verulegri markaðshlutdeild. Ekki séns.“ „Þetta er dýrasti sími í heimi, en hann mun ekki höfða til fyrirtækja vegna þess að það er ekkert lykilorð á honum og þess vegna er ekki gott að nota hann til að senda tölvupóst.“

**2007:** „Við stöndum þétt að baki Zune.“ Zune-spilarinn var settur á markað árið 2006 en náði aldrei föttestu. Framleiðsla var hætt árið 2011.

Í hinum gríðarmikilvæga geira sem snjallsímar og spjaldtölvur eru hefur Microsoft verið að elta forystusauði frekar en að leiða hjörðina.

Annað atriði sem dregið hefur verið upp Ballmer til hnjóðs er mannauðsstefnan sem rekin er undir hans stjórn, svokölluð stack ranking. Það felur í sér að í hverri einingu innan fyrirtækisins er starfsfólk flokkað eftir getu. Á grundvelli þeirrar flokkunar voru launa- og stöðuhækkanir, sem olli mikilli misklið meðal starfsmanna og varð til þess að hæfustu

starfsmennirnir veigruðu sér við að vinna með öðru hæfileikafólki vegna þess að það gæti skaðað hagsmunum þeirra.

Fróðlegt verður að sjá hverju fram vindur hjá Microsoft, sem er þrátt fyrir allt eitt stærsta og mikilvægasta fyrirtækið í tæknigeiranum. Í Financial Times er haft eftir manni sem þekkir vel til að sennilega sé best að sækja nýjan forvígismann út fyrir radir Microsoft; einhvern með skýra framtíðarsýn, frekar en innanbúðarmann sem mun stýra risanum á fallandi fæti.



## ER ÞITT FYRIRTÆKI MEÐ SAMNING?

Fyrirtæki sem eru með samning við Icelandair njóta þess í hagkvæmari rekstri, betri tímanytingu og ánægðara starfsfólki.

#### Hlunnindi sem fyrirtækjasamningur veitir:

- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
- Neyðarnúmer sem er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
- Afsláttur sem Icelandair býður er veittur af fargjöldum á því farrými sem fyrirtæki óska hverju sinni.
- Nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.

+ Allar nánari upplýsingar á [www.icelandair.is/fyrirtaeki](http://www.icelandair.is/fyrirtaeki) eða sendið fyrirspurnir á [fyrirtaeki@icelandair.is](mailto:fyrirtaeki@icelandair.is)



# PANTAÐU SÓMA VEISLUBAKKA!



20 bitar

## GAMLI GÓÐI

Hangikjöt, eggjasalat og fínt brauð. Roastbeef, remúlaði, steiktur laukur og fínt brauð. Rækjusalat og fínt brauð.



20 bitar

## EÐALBAKKI

Hangikjöt, piparrótarsósa, salatmix og kornbrauð. Beikon, egg, steiktir, ferskir sveppir og fínt brauð. Kjúklingur, rautt pesto, sýrður rjómi, paprika, salatmix og kornbrauð.



30 bitar

## TORTILLA VEISLUBAKKI

Reykt skinka, egg, jöklasalat. Tikka masala kjúklingur, jöklasalat. Kjúklingaskinka, smurostur, ofnbakaðir tómatar, salatmix.



## TORTILLA OSTABAKKI

Spínat, rauðlaukur, fetaostur, lauksósa. Lúxusskinka, smurostur, salatmix. Reyktur lax, rjómaostur, salatmix.

30 bitar



20 bitar

## LÚXUSBAKKI

Reyktur lax, jöklasalat, chantillysósa, fínt brauð. Kjúklingur, egg, lauksósa og kornbrauð. Kalkúnn, beikon, tómatar, sinnepssósa og kornbrauð.



20 bitar

## GRÆNMETISBAKKI

Hummus, paprika, salatmix, kornbrauð. Eggjasalat, ofnbakaðir tómatar, fínt brauð. Cheddar ostur, salatmix, lauksósa, kornbrauð.



## ÁVAXTABAKKI

Vinber, melónur, ananas, appelsínur, perur og fleiri góðir ávextir allt eftir árstíðum og framboði.

Fyrir 10 manns



50 bitar

## DESERTBAKKI

Vatnsdeigsbollur fylltar með vanillukremi. Kókostoppar með súkkulaði.

Hver samlokubakki er hæfilegur fyrir fjóra eða fimm.

Verð frá  
**2.990 kr.**  
bakkinn

Pantaðu í síma  
**565 6000**  
eða á [www.somi.is](http://www.somi.is)  
Frí heimsending\*

# FERSKT & ÞÆGILEGT

## FYRIR 5 EÐA 500


Sóma veislubakkar eru tilvaldir í hvers konar veislur, t.d. í afmælisboðið, starfsmannapartíð eða hvenær sem 5 eða fleiri koma saman.

Pantanir þurfa að berast fyrir kl. 15.30 daginn áður, alla virka daga. Pantaðu í síma **565 6000** eða á [somi.is](http://somi.is).



\*Frí heimsending gildir aðeins ef pantaðir eru 4 eða fleiri bakkar.





■ 1989 Gervihnattatenging: 300 b/sek  
 ■ 1994 Cantat-3 strengur: 5 Gb/sek  
 ■ 2003 Farice-1 strengur: 720 Gb/sek  
 ■ 2009 Danice strengur: 5,1 Tb/sek  
 ■ 2009 Greenland Connect 10 GB/sek  
 ■ 2014 Emerald Express: 40 Tb/sek\*

# Upplýsingahraðbrautin víkkar fljótt

Á innan við aldarfjórðungi hefur nettenging Íslands við umheiminn eflst gríðarlega í takt við tækniframfarir og breyttan lífsstíl almennings sem reiðir sig sífellt meira á netið. Sem stendur tengja fjórir sæstrengir Ísland við umheiminn og einn til í burðarliðnum. 1989 fékk Ísland fyrstu eiginlegu internettenginguna við umheiminn.

Daglegt líf hins almenna Íslendingar er í síauknum mæli háð netnotkun, hvort sem er við leik eða störf. Fæstir hugsa þó til þess hve saga internetsins á Íslandi er í raun ógnarstutt.

Fyrsta eiginlega internettengingin milli Íslands og umheimsins var sett upp á hér á landi í ágúst 1989. Þremur árum áður höfðu Háskóli Íslands og Orkustofnun tengt Haffrannsóknarstofnun, sem var fyrsti vísirinn að neti hér innanlands. Árið 1987 voru svo gefin út fyrstu netföngin, hi.is, hafro.is og os.is.

### Hröð þróun burðargetu

Á þeim árum var notast við samband í gegnum gervihnetti og var bandvíddin til landsins um 300

bitar á sekúndu. Til samanburðar má nefna að í dag felur grunnáskrift á ADSL frá Símanum inn á heimili í sér samband upp á 12 Mb (milljónir bita) á sekúndu.

Árið 1994 urðu nokkur kaflaskil þegar Cantat-3 strengurinn tengdi Ísland með ljósleiðara við Norður-Ameríku og meginland Evrópu. Bilanatiðni var hins vegar þó nokkur, en helsta ástæðan fyrir því að strengurinn slitnaði var lengi vel að hann flæktist í togaröllum, og var þá samband um gervihnött eina varaleiðin.

Þannig var tengingunni háttað allt fram til ársins 2003 þegar Farice-1 strengurinn kom til sögunnar. Hann tengdi Ísland við Skotland í gegnum Færeysjar. Bandvídd Farice-1 var 720 Gb á

sekúndu, sem var algjör bylting í flutningsgetu.

Síðasta viðbótin er Danice, sem er í eigu sama móðurfélags og Farice, Farice hf., sem er nú í eigu íslenska ríkisins, Landsvirkjunar og Arion banka. Danice var sett upp árið 2009 og tengir Ísland beint við Danmörku með bandvídd upp á 5,2 terabita á sekúndu. Sama ár var settur upp strengur milli Grænlands og Íslands og Cantat-3 var lagður af.

### Enn einn strengur næsta haust

Strengir Farice bera sem stendur nær alla netumferð til og frá landinu, en nú hillir undir enn eina viðbótina. Vodafone gerði fyrr í þessum mánuði samning við fyrirtækið Emerald Networks um að 40

terabita sæstrengur milli Bandaríkjanna og Írlands, Emerald Express, verði leiddur með streng upp að Reykjanesi og taki til starfa haustið 2014. Markmiðið með uppsetningu hans er ekki aðeins að svara síaukinni notkun almennings og auka netöryggi, heldur bæta verulega aðstöðu fyrir íslensk tæknifyrirtæki og uppsetningu gagnavera á Íslandi, en á vef Farice kemur fram að notkun gagnavera á Íslandi gæti verið tvöfalt meiri en notkun almennings.

### Spennandi framtíðarhorfur

Framhaldið er því afar spennandi jafnt fyrir almenning sem erlend og innlend fyrirtæki og stofnanir. Netnotkun á Íslandi hefur vaxið gríðarlega frá því að landið

tengdist umheiminum með fyrsta sæstrengnum. Á vef Farice segir að frá árinu 1995 til 2002 hafi netnotkun um það tvöfaldast ár frá ári. Eftir það hafi aukningin ekki verið eins skörp, en þó var hún 50 til 55 prósent ár hvert frá 2001 fram á síðasta ár, sem er svipuð þróun og verið hefur í öðrum vest-rænum löndum.

Til næstu ára litið þykir talsmönnum stóru fjarskiptafyrirtækjanna fullvíst að þessi þróun muni halda áfram.

„Við sjáum fyrir okkur áframhaldandi aukningu, ekki síst vegna síaukinnar gagnanotkunar í farsímakerfinu,“ segir Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Vodafone, og bætir því við að vöxturinn þar hafi verið gríðarlegur.

## FRUMKVÖDLARNIR SÁU MÖGULEIKANA FYRIR

Marius Ólafsson hjá Reiknistofnun Háskólans var einn af forgöngumönnum verkefnisins þegar Ísland tengdist umheiminum fyrst með netsambandi í líkingu við það sem þekktist í dag, svokölluðu IP-sambandi, árið 1989. Með því tengdust Háskólinn og ýmsar rannsóknarstofnanir samnorrænu upplýsinganeti NORDUnet. Marius hefur oft verið kallaður „Faðir internetsins á Íslandi“, en í samtali við Markaðinn segir hann frá aðdraganda fyrstu IP-tengingarinnar.

„Þegar við byrjuðum var enginn strengur til Íslands heldur notuðumst við við tengingar um gervihnött. Fyrstu samböndin voru um það bil 300 bitar á sekúndu sem allir á Íslandi notuðu saman. Það var auðvitað ekki stórt, en nóg fyrir tölvupóst og einfaldari hluti. Þegar við tengdumst fyrst sendum við tölvupóst á á kollega okkar í Danmörku. Þar stóð „Sérðu þennan póst?“ eða eitthvað álíka, og svo fengum jákvætt svar til baka.“

Aðspurður hvort tímamótunum hafi verið fagnað segir Marius að þeir hafi svosem verið í samskiptum við sömu aðila á annan hátt í nokkur ár. „En okkur þótti þetta mjög merkilegt, þótt aðrir væru kannski ekki eins spenntir fyrir þessu,“ segir hann og hlær.

Marius segir notkunina svo hafa síaukið með tilheyrandi þörf á meiri burðargetu. Hann og hans kollegar hafi strax í upphafi verið meðvitaðir um möguleikana sem fælust í internetsamskiptum.

„Við vorum sannfærðir um að þetta væri framtíðin því að við höfðum átt í svipuðum samskiptum við umheiminn í nokkur ár. Þarna voru til dæmis ráðstefnurnar sem voru notuð á líkan hátt og bloggsgíður og Facebook í dag, bara annars eðlis. Það má örugglega sjá í gömlum viðtölum við okkur frá þessum árum að okkar hugleiðingar um framtíðina í þessum efnun hafa nokkurn veginn gengið eftir.“

## SJÓNVARP Í SNJALLTÆKI KREFT MEIRI BANDVÍDDAR

Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, segir þróunina hafa verið gríðarlega sérstaklega frá því að fyrirtækið hóf að bjóða sjónvarpsútsendingar yfir netið.

„Nú eru um tveir þriðjuhlutar íslenskra heimila með sjónvarpstengingu í gegnum netið, sem er með því mesta sem þekktist. Við erum búin undir æ meira streymi myndefnis um netið. Sem dæmi má nefna að fyrir áramót buðum við eina dagskrá fyrir hverja sjónvarpsstöð í Sjónvarpi Símans en með Tímaflakkinu hefur fólk getað raðað henni upp eftir því sem það vill. Það þýðir að þú undir geta horft á ólíkt efni sömu stöðvar á sama tíma,“ segir hún.

„Nú stefnir Síminn einnig á að bjóða Sjónvarp Símans fyrir snjalltæki. Hver fjölskyldumeðlimur getur þá horft á það sem hann vill hvenær sem hentar í snjalltækinu sínu eða tölvunni og hvort sem er á 3G/4G eða heimanetinu. Þessi þróun, auk annarrar afþreyingarþjónustu, kallar á meiri bandvídd bæði innanlands og utan,“ segir Gunnhildur og bætir því við að Síminn hafi yfirdrifið mikla bandbreidd til að anna eftirspurn næstu misserin.



## Góðir fyrir bakið!

Veltikollar og hnakkstólar



Sitness  
Kr. 39.900,-



Body Balance  
Kr. 39.900,-



Bonanza  
Kr. 65.900,-  
svart leður



**Hirzlan**

Smíðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

www.hirzlan.is

**Egill  
Arnason™**

**STÓRÚTSALA**

Við erum flutt  
að Suðurlandsbraut 20

# Ávallt verið viðloðandi sjávarútveg

Kolbeinn Árnason er nýr framkvæmdastjóri LÍÚ. Á þriðja degi sínum í nýja starfinu ákvað hann að deila væntingum og reynslu sinni með Markaðnum. Kolbeinn segir að mikilvægt sé að ná samhljómi í samfélaginu um sjávarútveginn en telur þó að ekki sé hægt að vinna allsherjarsigur þegar kemur að sátt um atvinnugreinina.

## SJÁVARÚTVEGUR

Lovisa Eiríksdóttir | lovisa@frettabladid.is

Kolbeinn Árnason hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Landsambands Íslenskra útvegsmanna (LÍÚ).

„Mér þykir mjög spennandi að taka þátt í því að halda áfram að móta þessa grein sem er undirstöðuatriði í íslensku samfélagi,“ segir Kolbeinn. Hann bendir á að í starfinu felist margar áskoranir. „Kerfið í kringum sjávarútveginn er umdeilt og umræðan líflæg og hvöss, sem ég held að sé óumflýjanlegt þegar kemur að hagsmunum sem þessum.“

### Lengi unnið í þágu sjávarútvegs

Kolbeinn lauk laganámi frá Háskóla Íslands árið 1997 og hefur unnið störf tengd sjávarútvegi síðan þá.

Eftir útskrift fór hann að vinna sem lögmaður, þar sem hann starfði í málsvörn fyrir íslenska ríkið um sjávarútveg og kvóta. Í framhaldi af því starfaði hann í sjávarútvegsráðuneytinu sem skrifstofustjóri í fimm ár og þar á eftir í íslenska sendiráðinu í Brussel, þar sem hann var fulltrúi sjávarútvegsráðuneytisins.

Kolbeinn hefur á undanföllum árum unnið sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs slitastjórnar Kaupþings hf. en einnig átti hann sæti í samninganefnd Íslands í aðildarviðræðum við Evrópusambandið (ESB) og var þar formaður samningshóps um sjávarútvegsmál.

### Vann í aðildarviðræðum um ESB sem embættismaður

Kolbeinn hefur á undanföllum árum unnið sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs slitastjórnar Kaupþings hf. Einnig átti hann sæti í samninganefnd Íslands í aðildarviðræðum við Evrópusambandið (ESB) og var þar formaður samningshóps um sjávarútvegsmál.

LÍÚ hefur hins vegar alla tíð lýst sig andvígt inngöngu í ESB. „Ég tók þátt í því að starfa fyrir ríkið í aðildarviðræðum við ESB sem embættismaður og vann því eftir þeirri stefnu sem stjórnvöld mörkuðu, algerlega óháð mínum persónulegu skoðunum. Í því starfi var markmiðið og metnaðurinn einfaldlega sá að ná sem allra bestu samningum þannig að þjóðin gæti tekið afstöðu til þeirra og í því ferli sem þar átti að vera,“ segir Kolbeinn en útskýrir þó að ef til þess kæmi að Ísland gengi í ESB yrðu sjávarútvegsmálin grundvallarmálaflokkur og glóruhlust væri að Ísland yrði að aðildarríki ef ekki næðust góðir samningar í þeim flokki.

### Umræðan eðlileg en ansi hörð

Ímynd LÍÚ og félagsmanna í samtökunum hefur oft og tíðum beðið hnekkis og samtökin mætt andstöðu úr samfélaginu. Kolbeinn segir að skoðanir um sjávarútvegsmál á Íslandi muni alltaf verða skiptar og pólitískar. „Ég held að annað væri óeðlilegt þegar um er að ræða mál-efni sem er eins mikilvægt þjóð-



KOLBEINN ÁRNASON Segir að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki fái ekki alltaf sanngjarna útreið í umræðunni.

arþúinu og raunin er með sjávarútveginn,“ segir Kolbeinn og bætir við að umræða um atvinnugreinina sé nauðsynleg, ekki síst þegar um er að ræða greinar sem byggja á nýtingu auðlinda sem í eðli sínu eru takmarkaðar. „Það er eitt af því mikilvægasta sem felst í þessu starfi að reyna að ná eins miklum samhljómi í samfélaginu um sjávarútveginn og kostur er og það er klárlega hlutverk LÍÚ að upplýsa fólk og almenning um starfsemi og mikilvægi greinarinnar, ásamt því að taka þátt í samfélagslegri um-

ræðu um hvað megi betur fara.“

Kolbeinn segir að orðræða um sjávarútveg sé hins vegar oft ansi hörð sem mögulega skaðar ímynd samtakanna. „Ég er þeirrar skoðunar að sjávarútvegurinn njóti ekki alltaf sannmælis í umræðunni og að mörg þeirra öflugur fyrirtækja sem starfa á sviði sjávarútvegs og skapa samfélaginu tekjur og störf fái ekki alltaf sanngjarna útreið í umræðunni.“

Kolbeinn telur umræðu um sjávarútveginn oft á villigötum í dag, einkum hvað varðar veiði-

gjaldið, og að slíkt þurfi að laga. „Það þarf að gæta að því að aðferðafræðin og gjaldheimtan í kringum atvinnugreinina séu ekki þannig að það hafi skaðleg áhrif, sem ég held að sé algjörlega ljóst í núverandi kerfi. Við hjá LÍÚ erum tilbúin að leggja okkar af mörkum í þeirri umræðu.“

Kolbeinn segist nú vera að gíra sig upp í starfið. „Nú er ég búinn að gegna starfinu í þrjá daga og þarf ef til vill einhvern tíma í viðbót til þess að setja mark mitt á starfið.“

# Markaðsá huginn kviknaði í Versló

Klara Íris Vigfúsdóttir hóf nýlega störf sem framkvæmdastjóri ÍMARK, en öll hennar starfsævi hefur verið til einkuð markaðsmálum. Klara er aðeins 32 ára og er þetta í annað sinn sem hún gegnir framkvæmdastjórastöðu.

## MARKAÐSMÁL

Lovisa Eiríksdóttir | lovisa@frettabladid.is

Klara Íris Vigfúsdóttir tók nýlega við starfi sem framkvæmdastjóri ÍMARK, aðeins 32 ára gömul. ÍMARK er félag íslensks markaðsfólks sem var stofnað árið 1986 og er félag þeirra sem hafa áhuga á og starfa við markaðsmál.

„Starfið leggst mjög vel í mig og þetta er algjörlega frábær stjórn sem ég er að vinna með,“ segir Klara sem er ánægð með fyrstu dagana í starfinu. Stjórn ÍMARK samanstendur af fólki hvaðanæva að úr atvinnu- og háskólasamfélaginu, sem vinnur markvisst að því að efla markaðsmál á Íslandi með því að bera saman bækur sínar og skiptast á þekkingu og reynslu. „Hlutverk ÍMARK er að auka veg og virðingu markaðsmála á Íslandi, með það að leiðarljósi að faglegt markaðsstarf sé lykkillinn að árangri fyrirtækja,“ segir Klara.

Hún segir mikilvægt að hafa félag sem sameinar og tengir fólk, fræðslu og fagið. „Markaðsmál inni í fyrirtækjum eru ótrúlega mikilvægt og fyrirtæki sem hafa markaðsstjóra í framkvæmdastjórn eru oft talin ná betri árangri en ella.“

Klara er Garðbæingur í húð og hár og ólst þar upp frá fimm ára aldri. Hún útskrifaðist úr Verslunarskóla Íslands árið 2001, þar sem hún kynntist fræðunum á bak við markaðinn. Hún ákvað í framhaldinu að ganga í Háskólann í Reykjavík, þar sem hún stundaði

nám í viðskiptafræði og útskrifaðist þaðan árið 2005.

Eftir það hóf hún störf í markaðsdeild Landsbankans og var þar í heil sex ár. „Ég hef haft áhuga á markaðsmálum síðan í Verslunarskólanum og hef verið svo heppin að hafa fengið að vinna við þau síðan þá.“

Árið 2011 fór hún að starfa sem aðstoðarmaður forstjóra hjá Iceland express. „Ég vann sem aðstoðarmaður þriggja forstjóra á einu ári.“ Árið 2012 var Klara síðan beðin um að taka við Express ferðum, sem framkvæmdastjóri, og sinnti því starfi þar til um áramótin, þegar Iceland express var keypt af WOW air. „Við hjá Express ferðum könnuðum hvort það væri rekstrargrundvöllur að halda áfram þrátt fyrir kaupin og svo var ekki.“

Líf Klöru snýst hins vegar ekki einungis um vinnuna, heldur rekur hún einnig stórt heimili ásamt manni sínum Guðmundi Inga Haukssyni, framkvæmdastjóra IP eignarhalds. Framkvæmdastjórahljómin eiga saman tvo stráka sem eru eins árs og þriggja ára, en jafnframt á Klara tvö stjúpbörn sem eru 16 og 13 ára.

„Við fjölskyldan förum mikið á skíði saman og elskum að fara saman í ferðalög, hvort sem það er hérlandis eða erlendis.“

Klara segir að framtíðarsýn hennar fyrir ÍMARK sé að efla enn fremur tengsl markaðsfólks á Íslandi og færa meiri praktík inn í félagið með auknum fróðleik.



KLARA ÍRIS VIGFÚSDÓTTIR Hóf störf sem framkvæmdastjóri ÍMARK 1. ágúst síðastliðinn.

## SAMVISKUSÖM OG GÓÐ MANNESKJA

Klara er vandvirk, samviskusöm og heldur vel utan um það sem hún er að vinna. Hún kann góð skil á sínum viðfangsefnum og er góður fagmaður. Það fór líka svo að hún tók að sér önnur og meira krefjandi verkefni innan fyrirtækisins þegar á þurfti að halda. Umfram allt er hún notaleg og góð manneskja. Hún hefur einstakt jafnaðargeð sem nýttist henni vel í umgengni við okkur samstarfsmennina í því mikla mótstreymi sem við glímdum við. Hún bar sig aldrei illa í þeim átökum sem við stóðum í. Betri samstarfsmann er vart hægt að hugsa sér.



SKARPHÉÐINN BERG STEINARSSON fyrverandi forstjóri Iceland express

Við Klara kynntumst þegar ég réði hana í markaðsdeild Landsbankans árið 2006. Ég sá strax í Klöru mikinn dugnaðarfork sem var tilbúinn að láta verkin tala. Klara er róleg að eðlisfari en einstaklega jákvæð, skemmtileg og þægileg í umgengni. Hún er einn af þessum gullmolum sem þú getur rétt hvaða verkefni sem er og hún leysir það með bros á vör. Ég hef sjaldan kynnt ljúfari og betri manneskju, enda er Klara einstaklega vinsæl og vinamörg. Ég hlakka til að fylgjast með Klöru í nýja starfinu og tel íslenskt markaðs- og auglýsingafólk einstaklega heppið að fá nú að njóta krafta hennar.



VIGGÓ ÁSGERISSON fyrverandi markaðsstjóri Landsbankans og stofnandi og núverandi markaðsstjóri Meniga.

Ég veit að það kann að hljóma klént en Klara er einfaldlega besta vinkona sem hægt er að hugsa sér! Hún er bara þannig gerð að allt sem hún tekur sér fyrir hendur gerir hún svo vel og þessi mikli metnaður hennar verður til þess að hvar sem hún hefur viðkomu er henni hrósað. Hvort sem það er í starfi eða meðal vina og fjölskyldu. Ég held að sú staðreynd að við höfum verið svo nánar í næstum 30 ár segi allt sem segja þarf. Það er ekkert minna en frábært að eiga svona vin!



HARPA ÞÓRUNN PÉTURSDÓTTIR vinkona og lögfræðingur hjá Orkustofnun.

FIND **NEW** ROADS™



# 2.990 ÞÚS. KR.

FÁÐU MEIRA ÚT ÚR FERÐALAGINU Í SUMAR



Fæst einnig  
í Station  
útgáfu á  
3.190 þús. kr.

## NÝR CRUZE

Það er ekki nóg með að Chevrolet Cruze sé einn sá fallegasti á götunum í dag, heldur er hann betur búinn en margir mun dýrari bílar. Komdu í heimsókn og kynntu þér þennan glæsilega bíl. Þetta er þitt tækifæri til að eignast draumabílinn frá Chevrolet – á enn lægra verði.



Chevrolet Cruze LT 1.8 | bensín • bsk  
Verð aðeins: 2.990 þús. kr.

Aksturstölva • bakkskynjarar • bluetooth • hraðastillir • hiti í sætum • loftkæling  
ESP skriðvörn • leðurstýri og fleira • kynntu þér ríkulegan staðalbúnað á benni.is

Opið alla virka daga frá 9 til 18  
og laugardaga frá 12 til 16.  
Verið velkomin í reynsluakstur.

Nánari upplýsingar á [benni.is](http://benni.is)

Reykjavík  
Tangarhöfða 8  
Sími: 590 2000

Reykjanesbær  
Njarðarbraut 9  
Sími: 420 3330

Akureyri  
Glerárgötu 36  
Sími: 461 3636

**Bílabúð**  
**Benna**  
— Sérfræðingar í bílum —

## Hin hliðin

VILBORG ALDÍS  
RAGNARSDÓTTIR,  
stofnandi Arcadesign



## Markaðssetning á netinu

Íslenskir netnotendur eru taldir vera með þeim virkustu í heiminum en yfir fjörutíu prósent landsmanna tengjast netinu með snjallsíma daglega. Það er því enginn vafi á að netið er orðið aðalsamskiptamiðill fólks nú á dögum. Í dag ætti því að vera frekar auðvelt að markaðssetja vöru sína eða þjónustu ef rétt er staðið að. Einn af kostum þess að markaðssetja fyrirtæki á netinu er sá að smærri fyrirtæki geta litið út fyrir að vera mun stærri á netinu en þau í raun eru.

### Leitarvél er áhrifaríkt markaðstól

Kannanir hafa sýnt að Google er mest notaða leitarvél á Íslandi og hefur um átta tíu prósent markaðshlutdeildar. Nauðsynlegt er að beita réttari aðferð markaðssetningar í leitarvél sem getur auðveldlega aukið sýnileika vefsíðu fyrirtækis á niðurstöðusíum leitarvélar. Slík markaðssetning er afar mikilvæg fyrir allan atvinnurekstur sem selur vörur og þjónustu á netinu og því er mjög mikilvægt að vefsíða sem notast er við sé sjáanleg í leitarvélum.

### Vefborðar geta aukið vörumerkjavitund

Eitt af öflugustu tölum í aukningu á vörumerkjavitund eru vefborðar en þeir eru meðal algengustu verkfæra sem fyrirtæki nota til að markaðssetja sig á netinu. Þeir geta verið allt frá staðlaðri auglýsingu í að vera nokkur mínútna myndband. Með hjálp þeirra getur fyrirtæki átt auðveldara með að ná til fjölmiðla og fá fleiri viðskiptavini til þess að heimsækja netsíðu fyrirtækisins. Það eru nokkur atriði sem vert er að hafa í huga þegar markaðssetja á vöru eða þjónustu á netinu. Það þarf að setja niður stefnumótun og skýr markmið og framkvæma markhópagreiningu og þarfagreiningu. Einnig er gott að kynna sér markaðsrannsóknir um hvernig auglýsingaherferð sé best að gera. Þessi atriði þurfa að vera á hreinu áður en viðmót vefsins er hannað og besta leiðin til að ná sem bestum árangri er klárlega að ráðfæra sig við sérfræðinga sem þekkja vel til.

### Samfélagsmiðlar

Það er ekki óalgengt að fyrirtæki sem nýta sér samfélagsmiðla eins og Facebook og Twitter séu líklegri til þess að hafa betri innsýn í huga viðskiptavina vegna þeirra mikilvægu upplýsinga sem liggja innan samfélagsins. Á þessum miðlum myndast oft nýtsamlegar samræður sem þau fyrirtæki sem eru með tengsl innan miðlanna nýta sér til að komast til móts við þarfir neytenda. Tækifærin til markaðssetningar leynast víða og segja má að það séu ógrynni af möguleikum sem liggja fyrir. Ef ímyndunaraflinu er sleppt lausu þá eru allir vegir færir.

VERT



# BLÖNDUNAR-TÆKJADAGAR

## 15-50% afsláttur\*

\* nema sérmerklar vörur

MORA! HANSA

Opið virka daga frá kl. 8-18 og laugardaga 10-15

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 / Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 / tengi@tengi.is • www.tengi.is

TENGI

SHARP



SHARP  
SJÓÐSVÉL  
XE-A147B

8 Vöruflokkar  
200 Plu númer  
Sjálfvirk dagsetning og tími  
Hitaprentun  
Rafrænn innri strimill  
Mjög auðveld í notkun

Kr. 49.900,-



SHARP  
SJÓÐSVÉL  
XE-A207B

99 vöruflokkar  
Allt að 2000 PLU númer  
Rafrænn innri strimill 9000 línur  
Stór LCD skjár  
SD kortarauf – hægt að flytja gögn yfir á PC  
Sjálfvirk dagsetning og tími  
Hitaprentun  
Íslenskur strimill

Kr. 69.900,-



SHARP  
SJÓÐSVÉL  
XE-A307

99 vöruflokkar.  
Allt að 10.000 PLU númer.  
SD kortarauf – hægt að flytja gögn yfir á PC  
Sjálfvirk dagsetning og tími  
Hitaprentun  
Íslenskur strimill  
Mjög auðveld í forritun

Kr. 89.900,-

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 • SÍMI 530 2800  
www.ormsson.is

SHARP  
EÐALVÉL